

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla

2022-2023

6.júlí 2023

Hermann Hermannsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir

Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir



1 Innihald

2	Inngangur.....	4
3	Starfsemi skólans.....	4
4	Námsbrautir í FSN.....	5
5	Markmið og hlutverk.....	5
6	Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál.....	8
7	Nám og kennsla	8
8	Námsmat	9
9	Nýir áfangar og nýjar brautir	11
9.1	Endurskoðun námsbrauta	11
10	Erasmusverkefni	11
11	Skólaráð	11
12	Sjálfsmat í FSN	12
12.1	Um námsárangur.....	13
12.2	Kennslumat.....	14
13	Sjálfsrýni kennara	15
13.1	Stofnun ársins 2022.....	15
13.2	HR Monitor mannauðsmælingar	17
13.3	Framhaldsskólapúlsinn	18
13.4	Viðhorfskannanir	22



13.4.1.1	Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta	23
13.4.1.2	Niðurstöður úr könnun fyrir útskrifaða nemendur FSN, haust 2022	23
13.4.1.3	Viðhorfskönnun vorannar – nám og kennsla	25
13.4.1.4	Viðhorfskönnun útskriftarnema	27
13.5	Rýniviðtöl	28
13.5.1.1	Rýniviðtal við nemendur framhaldsdeildar haustönn 2023	29
13.5.1.2	Rýniviðtal við kennara í maí	30
13.5.1.3	Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2023	33
14	Styrkleikar, veikleikar og úrbætur	34
14.1	Styrkleikar	34
14.2	Veikleikar	35
14.3	Umbætur og tækifæri	36
15	Viðaukar og fylgiskjöl	39




2 Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er fjölbrautaskóli sem er staðsettur í Grundarfirði og með framhaldsdeild á Patreksfirði. Skólinn hefur nú lokið sínu 19. starfsári og allt frá stofnun skólans hefur dreifnámskennsla verið áberandi í kennsluháttum skólans. Við stofnun FSN voru miklar breytingar gerðar á skólahúsnæði og hugmyndafræðin á bak við kennsluhættina var með nýjum blæ og nýjum áherslum þó að líka hafi verið byggt á gömlum kenningum um skólastarf. Þáttur upplýsingatækni og möguleikar tölvutækninnar hafa alla tíð verið nýttir í skólastarfinu og skipa veigamikinn sess í kennsluháttunum. Skólinn átti að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýta meðal annars dreifnám. Enn er stefna skólans í mótun og við reynum að aðlagga okkur að breytingum sem verða í samfélaginu. Árin þegar heimsfaraldur gekk yfir eru eftirminnileg þar sem starfsfólki skólans og nemendum tókst einstaklega vel að takast á við þær áskoranir sem fylgdu kennslu á því tímabili. Nú horfum við fram á tímabundna fækkun í árgöngum í grunnskólum á upptökusvæði skólans og því er enn mikilvægara að sinna kennslu fjarnemenda en þannig getum við haldið úti óbreyttu námsframboði. Undanfarið skólaár hefur starfsfólk skólans unnið að endurskoðun að stefnu skólans.

3 Starfsemi skólans

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.



4 Námsbrautir í FSN

Nemendur FSN geta valið um fimm námsbrautir til stúdentsprófs: náttúru- og raunvísindabraut, félags- og hugvísindabraut, íþróttabraut, frumkvöðla- og nýsköpunarbraut og opna braut. Framhaldsskólabrautir 1 og 2 er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfnivíðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu. Endurskoðun á námsbrautum hefur staðið yfir í vetur og mun sú vinna halda áfram næsta skólaár.

5 Markmið og hlutverk

Einkunnarorð FSN eru framsækinn framhaldsskóli. Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða fjarnemendum. Þessi skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og fjarnemendur sem eru í sama áfanga eru allir í sama hópnum. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum



byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skipunartími skólanefndar lauk í júní 2022 og ný skólanefnd hefur ekki verið skipuð. Við skólann starfa auk stjórnenda ráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (60%), fjármálastjóri (100%), mannauðsstjóri (25%), deildarstjóri starfsbrautar 100%, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði (80%), ritari (50%), húsvörður (100%), kerfisstjóri (25%), ræstitæknir (50%), stuðningsfulltrúi (100%) og 19 framhaldsskólakennarar í 13 stöðugildum.

Skólinn hefur markvisst unnið að því að kennsluhættir séu með dreifnámssniði og því áhersla á að sinna kennslu hópa þar sem bæði fjarnemendur og staðnemendur stunda nám samkvæmt sömu námskrá. Fjarnemum hefur fjölgað frá fyrra ári. Skólinn er í samstarfi við Fjarmenntaskólann. Fjarmenntaskólinn er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskóla á Snæfellsnesi og FSN þar sem 10. bekkjum býðst að taka áfanga í kjarnagreinum undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi ásamt skólastjórnendum FSN funda reglulega og bera saman bækur sínar. Þessi samvinna er ekki síst mikilvæg þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á námsmati í grunnskólum og á námsbrautum í framhaldsskólum. Í byrjun febrúar var framhaldsskólahermir í FSN. Þá komu nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna á Snæfellsnesi og fengu að vera nemendur í skólanum í einn dag. Þetta er í fimmta sinn sem þessi háttur er hafður á í kynningu á skólanum og hefur verið gerður góður rómur að þessu á meðal nemenda og kennara. Nemendur í Vesturbyggð komu í Framhaldsdeild skólans á Patreksfirði og kynntust skólastarfi þar.



Allir nemendur skólans eru innritaðir á námsbrautir sem voru samþykktar í apríl 2017 og hafa verið í reglulegri endurskoðun þegar nýir áfangar hafa verið smíðaðir, eldri áfangar verið lagfærðir eða nýjar brautir hannaðar.

Vendikennsla hefur verið nýtt frá stofnun skólans þó að ekki hafi verið farið að nota heitið „vendikennsla“ fyrr en síðar. Vendinám mun tvímælalaust styður við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu. Kennsla á TEAMS hefur færst mjög mikið í vöxt á tímum covid-19. Kennarar og nemendur nýta þennan möguleika og hann býður upp á mörg tækifæri í fjarnámskennslu. Síðustu tvö skólaár hefur kennsla farið fram á TEAMS á föstudögum.

Starfsfólk skólans fór í vinnuferð 12.maí og heimsóttu Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Menntaskóla Borgarfjarðar. Kennarar MB og FSN fengu fyrirlestur um leiðsagnarnám frá Jenný Gunnbjörnsdóttur, sérfræðing við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri.

Á vinnudögum í maí fengum við Sigríði Huldu Jónsdóttur frá SHJ ráðgjöf til að vinna með starfsfólki skólans. Viðfangsefni dagsins voru stefna skólans, lykilþættir í starfsánægju, samskipti og vinnustaðamenning. Einnig var fjallað um fjarkennslu og hvernig best væri að efla nemendur í samskiptafærni og liðsheid.

Seinni vinnudaginn í vor fengum við Jenný Gunnbjörnsdóttur til að vinna með starfsfólki FSN að stefnu skólans og leiðsagnarmati. Yfirskrift vinnunnar var Horft til framtíðar. Starfsfólk vann með spurningarnar hvar erum við sterk og hvernig nýtum við þá styrkleika til að efla skólasamfélagið – starfsanda og metnað til að gera enn betur. Spurningarnar voru:

Hver er nemendahópurinn okkar – á hvaða svæði störfum við – hverjar eru þarfir nemenda fyrir menntun og hvernig tekst okkur að útskrifa nemendur sem hafa nýtt hæfileika sína til fulls. Sérstaða skólans – umhverfið og náttúran – uppspretta náms og vellíðunar.

Staða og þarfir nemenda hvað varðar líðan, árangur og félagslega þátttöku – áskoranir og sóknarfæri.

Staða og þarfir kennara, kennslufræði til framtíðar.



6 Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við atvinnulífið og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.

Framtíðarsýn skólans er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Markmið samkvæmt stefnu til þriggja ára 2022-2024 skv.31.grein laga um opinber fjármál:

Að auka gæði fjölbreytts náms í FSN og fullnægjandi þjónustu við nemendur.

Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma.

Efla ímynd skólans og kynningu á starfsemi hans, m.a. fjarnámsmöguleika við skólann.

7 Nám og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og við nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara og að þeir nái betri tökum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós



að bestur árangur næst og 3nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Einnig er upplýsingatæknin nýtt á margvíslegan hátt og fléttast hún inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfanga bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn metur vinnu nemenda frá viku til viku.

Kennslufyrirkomlag á tímum heimsfaraldurs tók töluverðum breytingum og nemendum stóð til boða sveigjanlegt námsumhverfi vegna hertra og ólíkra samkomutakmarkana. Eftir að heimsfaraldrinum lauk hefur verið haldið áfram með tilraunir með breyttri stundatöflu þannig að verkefnatímar á föstudögum fóru fram á TEAMS, þ.e. kennarar kenna að heiman og nemendur læra heima. Í rýnihópaviðtölum og viðhorfskönnunum meðal nemenda kom það fram að mörgum þótti það ekki skila miklu að setja alla verkefnatíma á föstudaga. Það væri vissulega þægilegt en nemendur nýttu sér einfaldlega þessa tíma ekki nægilega vel. Sumir ættu erfitt með að vakna, það væri enginn sérstakur hvati til að byrja daginn snemma og margir væru hreinlega búnir að koma sér í vinnu á föstudögum. Það var því ákveðið á vinnudögum á vorönn 2021 að taka upp kennslu á Teams á föstudögum og herða mætingarreglur skólans. Þær [mætingarreglur](#) tóku gildi á haustönn 2022 og hafa strax haft nokkur áhrif á mætingu nemenda.

8 Námsmat

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat og því lítið um lokapróf. Samkvæmt skóladagatali fyrir skólaárið 2022-2023 var ekki gert ráð fyrir sérstökum prófdögum frekar en fyrri ár heldur er námsmat unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting er til komin vegna slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara kemur fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga lengur heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat eða leiðasagnarnám. Kennsluhættir skólans eru sífellt til skoðunar í viðhorfskönnunum og kennslukönnunum. Í stað lokaprófa hafa verið lokaverkefnisdagar þar sem nemendur vinna lokaverkefni ýmist í hverjum áfanga eða þvert á áfanga. Markmið þessara lokaverkefna er að nemendur sýni og nýti þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í námi.



Markmið skólans í leiðsagnarnámi eru að:

- gera nemendur meðvitaða um nám sitt og að nemendur taki ábyrgð á eigin námi
- allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarnámsvið mat á námi og ástundun nemenda,
- nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun,
- bæta námsárangur og ástundun,
- minnka brottfall,
- bæta líðan nemenda í skólanum,
- auka samvinnu kennara,
- skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarnáms.

Um leiðsagnarnám í FSN má lesa hér: <https://www.fsn.is/is/namid/namsframvinda/namsmat-og-einkunnir>.

Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannanir reglulega. Síðan á skólaárinu 2017-2018 hefur ekki verið gert ráð fyrir lokaprófum eða prófum í lotuskilum og hefur það fyrirkomulag verið síðan. Þess í stað fá nemendur tvær umsagnir á hvorri önn og eru þær í bókstöfum. Nemendur fá síðan lokaeinkunn í annarlok og er sú einkunn í tölum.

Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötult þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ýtrasta. Á vinnudögum vorannar 2023 kom Jenný Gunnbjörnsdóttir frá Skólaþróunarmiðstöð HA í FSN og var með endurmenntunarnámskeið í leiðsagnarmati þar sem kennarar rifjuðu upp og bættu enn frekar í sarpinn.

Innan sjálfsmatshópsins höfum við rætt að það sé bæði nauðsynlegt og áhugavert að skoða hvort FSN er að ná þeim markmiðum sem sett hafa verði í leiðsagnarmati. Það vannst ekki tími til þess þetta skólaárið en stefnt er að því að skoða áhrif leiðsagnarmats og áhrif þess að í skólanum eru ekki lengur formleg lokapróf.



9 Nýir áfangar og nýjar brautir

9.1 Endurskoðun námsbrauta

Skólaárið 2022-2023 hófst endurskoðun á námsbrautum skólans. Þeirri vinnu er ekki lokið en stefnt er að henni ljúki næsta skólaár. Stefnt er á að breytta uppsetningu náms á stúdentsbrautum og hafa námsframboð á framhaldsskólabrautum fjölbreyttara.

10 Erasmusverkefni

Fjölbrautaskóli Snæfellinga lauk þátttöku sinni í samstarfsverkefninu Food for thought með skóla í Tékklandi haustið 2022. Markmiðið með verkefninu var að nemendur kynni sér matvælaframleiðslu í sínu nánasta umhverfi og leiði hugann að því að minnka matarsóun og óþarfa flutning á matvælum á milli svæða. Hingað komu 12 nemendur og 3 kennarar frá Tékklandi í apríl og voru við nám og störf í 11 daga. Sambærilegur hópur fór frá skólanum haustið 2022 og kynnti sér aðstöðu og lífsgæði í Frenstat pod Radhostein í austurhluta Tékklands.

FSN er einnig í ERASMUS samstarfi ásamt Svæðisgarði Snæfellsness, og aðilum frá Noregi og Wales. Verkefnið heitir Cultural Innovation through ecopreneurship og vinnusmiðjan okkar hefur vinnuheitið Snæfellsnes: Sustainable communities and identity regions. Vorið 2023 var síðasta smiðjan í verkefninu haldin í Wales og FSN átti fjóra fulltrúa þar.

11 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og hefur skólameistari samráð við skólaráð samkvæmt reglugerð nr.260/2017 um skóladagatal og skipulag skólaársins. Á [haustönn 2022 fundaði skólaráð reglulega](#) og var m.a. fundað um umbótaáætlun gæðaráðs, umsagnir, vinnu við stefnu skólans, námsmatsviðmið, valáfanga á vorönn 2023, skólareglur, verkefnadaga í maí, skóladagatal 2022-2023 og stundatöflu á vorönn 2023.



12 Sjálfsmat í FSN

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2022-2023 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans: [Sjálfsmatsáætlun](#). Sjálfsmat er í höndum Gæðaráðs FSN sem Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri, Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, kennari og Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir, deildarstjóri Framhaldsdeildar á Patreksfirði skipa auk Hrafnhildar Hallvarðsdóttur, skólameistara.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2022-2023 :

Haustönn 2022	Vorönn 2023
Kennslumat	Kennslumat
Sjálfsrýni kennara	Sjálfsrýni kennara
Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.)	Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.)
Skólapúlsinn (í stað könnunar um líðan)	Viðhorfskönnun – aðstaða og skipulag kennslu
Rýnihópur framhaldsdeild Patreksfirði	Rýnihópur framhaldsdeild Patreksfirði
Rýnihópur meðal kennara	Könnun meðal foreldra nemenda við Framhaldsdeild
Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda	Brottfall
Áætlun um umbætur	Rýnihópur meðal kennara
Mannauðsmælingar meðal starfsfólks	Viðhorfskönnun útskriftarnemenda
	Rýnihópur – útskriftarnemenda
	Mannauðsmælingar meðal starfsfólks



--	--

12.1 Um námsárangur


Heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall eru geymdar í INNU.

Aðstoðarskólameistari kannar árangur í einstökum hópum, skimar einkunnir og skoðar nánar þau tilvik sem þarfnast skoðunar, með kennurum eða nemendum. Umsagnir eru gefnar tvisvar sinnum á önn og í lok annar fá nemendur einkunn í tölum. Nemendum sem brjóta reglur skólans varðandi námsárangur er boðið að skrifa undir samning um bætta ástundun. Þetta hefur gefist vel og oft hjálpað nemendum að finna rétta braut í náminu.

Skólaárið 2022-2023 útskrifuðust 30 nemendur (11 á haustönn og 19 á vorönn) frá FSN.

Útskriftarnemendur komu frá 10 póstnúmerum og luku að meðaltali 204 einingum.

Meðaleinkunn á skólaárinu var 7,8 í öllum fögum á báðum önnum.



Hæst var meðaleinkunn í lýðheilsugreinum en lægst í því sem flokkast sem aðrar námsgreinar (þar má t.d. telja forritun, lokaverkefnisáfangi og upplýsingatækni svo eitthvað sé nefnt). Fylgst verður með þróun einkunna á komandi skólaárum.

12.2 Kennslumat

Sjö kennarar voru metnir á haustönn 2022 og sex á vorönn 2023. Svarhlutföll voru mjög misjöfn eftir áföngum og heilt yfir lág, þá sér í lagi á haustönn 2022. Kannanirnar voru rafrænar, í gegnum Microsoft Forms, þar sem nemendur voru beðnir um að nefna a.m.k. eitt atriði sem væri jákvætt við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara, auk þess sem spurt var út í nokkur atriði tengd kennslu. Skólameistari vann úr niðurstöðum og fór yfir þær með viðkomandi kennara.

Rætt var um mögulegar lausnir á því vandamáli sem slakt svarhlutfall hefur verið undanfarin misseri á vorönn 2023 og ákveðið að breyta til á haustönn 2023, leggja meiri vinnu í kennslumatið, meta fleiri kennara á hverri önn (ef ekki hreinlega alla) og fá kennara meira að borðinu í þeirri vinnu.



13 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti voru ekki gerð sérstök skil af gæðaráði en kennarar vinna sjálfsmat og skila kennsluskýrslu til skólameistara í lok hverrar annar. Áfangaskýrslu má sjá í **fylgiskjali 1**. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannasamtali við skólameistara.


Fyrirhugað er að skoða möguleika á vettvangsathugunum á starfi kennara til að auka enn á möguleika til mats á kennslu og starfi kennara. Þá hefur verið rætt um, eins og sjá má hér að ofan, að kennarar taki frekari þátt í kennslumatsvinnu, sem er vissulega hvetjandi til sjálfsmats.

13.1 Stofnun ársins 2022


Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Svarhlutfall Fjölbrautaskóla Snæfellinga í könnuninni árið 2022 var 64%. Árið 2021 var það 86%, 76% árið 2020 og 90% árið 2019. Könnun Gallup um stofnun ársins var send út í nóvember 2022 og niðurstöður hennar kunngerðar í febrúar árið 2023. Á heildina litið lækkaði skólinn í mati starfsfólks úr 4,34 af 5 árið 2021 niður í 4,19 árið 2022. Þeir matsþættir sem lækkuðu mest og voru tölfræðilega marktækt lægri en í öðrum stofnunum voru *stjórnun, launakjör, sjálfstæði í starfi og ímynd stofnunar*. Jafnrétti mældist þó hærra en áður sem er góðs viti.

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA

Sjálfsmatsskýrsla 2022-2023



Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir lækkunir í ákveðnum matsþáttum þá mælist *starfsandi* enn með allra besta móti miðað við sambærilegar, sem og allar stofnanir í heild sem er jákvætt. Svipaða sögu má segja um *vinnuskilyrði* og *sveigjanleika vinnu*. Það er því margt gott sem má lesa úr niðurstöðunum þrátt fyrir að ákveðnir þættir hafi lækkað.





Brugðist var við áberandi lækkum í matsþáttunum *stjórnun og ímynd stofnunar* með vinnufundi mannauðsstjóra og starfsfólks þar sem starfsfólk var spurt út í upplifun sína og reynt að leita svara við þessum neikvæðu breytingum mælingum. Greint er sérstaklega frá efni þess fundar síðar í skýrslunni.

13.2 HR Monitor mannauðsmælingar

Í lok árs 2022 hóf FSN samstarf við fyrirtækið HR Monitor sem sérhæfir sig í mannauðsmælingum með það að leiðarljósi að halda betur utan um upplifun starfsfólks. HR Monitor rekur forrit sem heldur utan um og sendir út kannanir til starfsfólks mánaðarlega þar sem 8 matsþættir eru mældir með einni spurningu í senn, auk einnar opinna spurningar í lokinn. Kannanir hafa verið sendar út mánaðarlega frá desembermánuði fram í maí og hafa skilað mikilvægum upplýsingum og upplifun starfsfólks sem voru einnig ræddar á fyrrnefndum fundi mannauðsstjóra með starfsfólki.

Nafn	nóv	des	jan	feb	mar
Árangur	3,80	4,12	3,98	4,16	4,58
Gæði & tengsl	4,31	4,14	3,41	4,40	4,73
Starfsánægja	3,50	4,86	3,81	3,90	4,20
Sjálfstæði til ákvarðanatöku	4,69	4,33	4,24	3,90	4,67
Stuðningur frá stjórnendum	3,56	3,71	3,56	4,30	4,60
Kröfur um árangur	3,44	3,85	4,29	4,40	4,60
Skýr framtíðarsýn	3,44	4,43	4,12	3,85	4,80
Áhugi, virðing & hollusta	3,06	3,95	4,12	4,20	4,27
Þjálfun & þróun	4,38	3,67	4,29	4,30	4,73
Fjöldi	17	22	17	20	15

Þeir matsþættir sem mældust einna best frá desember til maí voru *kröfur um árangur*, *þjálfun og þróun*, *starfsánægja*, og *sjálfstæði til ákvarðanatöku*. Þeir þættir sem mælast lægstir að jafnaði eru *skýr framtíðarsýn* og *stuðningur frá stjórnendum*.

Hafa skal í huga að eftir því sem könnunin er send oftari út fæst skýrari heildarmynd af upplifuninni og því eðlilegt að nokkrar sveiflur séu fyrstu mánuðina, auk þess sem val á spurningum hefur áhrif á svörun hvers mánaðar. Ljóst er þó að um er að ræða öflugt tæki til að mæla [upplifun starfsfólks](#) sem hægt er að vinna með áfram.



13.3 Framhaldsskólapúlsinn

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók þátt í Framhaldsskólapúlsinum haustið 2022 eftir þriggja ára hlé. Stefnt er á að taka þátt annað hvert ár hér eftir. Með nemendakönnun Framhaldsskólapúlsins er lagt mat á námsumhverfi, vikni í námi og líðan nemenda. Niðurstöðurnar eru birtar í nafnlausum samanburði við sambærilega skóla. Könnunin er í þremur hlutum, þar sem námsumhverfi, virkni í námi og líðan. Auk þess eru opnar spurningar í lokin. Svarhlutfall nemenda FNS var 86,6%.

1. Námsumhverfi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	53,3%	40/75	-3,5%	62,2%	357/554	-8,9%*
1.2. Samsömun við nemendahópinn	4,3	76	-0,5	4,5	558	-0,2
1.3. Stuðningur kennara við nemendur	6,2	76	0,9	5,5	557	0,7*
1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,9	76	0,4	5,5	557	0,4
1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	6,7	76	0,7	5,5	557	1,2*
1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	6,5	75	0,7	5,8	554	0,7*

Þegar við skoðum yfirlitið yfir fyrsta hlutann, námsumhverfi sést að viðhorf og hollusta við skólann hefur tekið tölfræðilega marktæka neikvæða dýfu. Þar að baki liggja spurningar á borð við:

- Á heildina litið líður mér vel í skólanum
- Á heildina litið er ég ánægð(ur) með skólann minn
- Ég get mælt með skólanum mínum við vini mína
- Ég er stolt(ur) af skólanum mínum

Hér ber þó að hafa í huga að saman borið við hina skólana í könnuninni sést að þessi breyting á milli ára (frá 2019 þegar FSN tók síðast þátt) er jafnvel enn verri í öðrum skólum svo þetta er ekki einangrað tilvik heldur virðist sem álit á skólunum almennt hafi farið versnandi. Þá var þróunin í matsþættinum samsvörun við nemendahópinn sú sama og á landsvísu milli mælinga.



Þá meta nemendur stuðning kennara marktækt hærra en í samanburðarskólunum og jafnframt tekur mat á þættinum stökk úr 5,3 af 9, sem var undir meðaltali upp í 6,2 sem er vel yfir meðaltali. Þar skora kennarar í FSN hátt í viðhorfsspurningum á borð við:

- Kennarinn veitir auka aðstoð ef nemendur þurfa á henni að halda
- Kennarinn heldur áfram að útskýra þar til nemendurnir skilja

Þá meta nemendur tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda) vel yfir viðmiði og hefur það jafnframt batnað síðan 2019 og það sama á við um matsþáttinn „hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)“. Það er því ljóst að í FSN er lagt mikið upp úr persónulegum kennsluháttum og leiðsagnarmati og er því greinilega verið að gera eitthvað rétt.

2. Virkni í námi

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
2.1. Námsáhugi	4,9	76	-0,5	5,4	562	-0,5*
2.2. Vinnulag í námi	4,5	76	-0,1	4,7	561	-0,2
2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma	53,9%	41/76	-19,5%	68,1%	362/561	-14,2%*
2.4. Fjarvera: Skróp í tíma	50,0%	38/76	-13,9%	47,7%	243/561	2,3%
2.5. Fjarvera án leyfis heilan dag	22,4%	17/76	-18,6%	14,5%	91/561	7,9%
2.6. Ástæður fyrir fjarveru	-	37	-	-	-	-
2.7. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku	42,7 klst.	73	-3,6 klst.	43,9 klst.	535	-1,2 klst.
2.8. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Skólinn	23,9 klst.	76	-1,7 klst.	24,2 klst.	558	-0,3 klst.
2.9. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Heimanám	5,9 klst.	73	-0,7 klst.	6,2 klst.	531	-0,3 klst.
2.10. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Launuð vinna	8,0 klst.	72	0,9 klst.	7,0 klst.	523	1,0 klst.
2.11. Formlegar skyldur í dæmigerðri viku: Tólmstundir og æfingar	4,8 klst.	70	-2,0 klst.	6,4 klst.	515	-1,6 klst.*

Á landsvísu hefur námsáhugi minnkað og það sama á við um hjá nemendum FSN. Þar erum við enn undir viðmiðinu og er munurinn því miður marktækur. Spurningar að baki þess matsþáttar eru t.d.

- Ég hef gaman af því sem ég læri í skólanum
- Ég hlakka til kennslutíma í skólanum
- Ég sinni náminu vegna þess að mér finnst gaman í fögunum sem ég er í



- *Ég hef áhuga á því sem ég læri í skólanum*

Það sem er e.t.v. áhugaverðast er það að nemendahópurinn sem hefur lokið flestum einingum (91+) kemur verst út, samanborið við nemendur í öðrum skólum og þá er árgangur 2005 marktækt lægri en á landsvísu. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða betur.

Að því sögðu má sjá á töflunni hér að ofan tvær aðrar stjörnumerktar tölur sem vert er að staldra við. Það er annarsvegar fækkun í seinkomum nemenda í tíma, sem er e.t.v. tilkomið vegna breyttra mætingarreglna sem voru teknar í notkun haustið 2022 og svo loks fjöldi tíma sem nemendur sinna við tómstundir og æfingar. Við fyrstu sýn gæti hækkuð tíðni tíma sinnt við launaða vinnu verið að ganga á þann matsþátt, auk þess sem við sjáum að nemendur eru almennt að sinna færri tímum í heimanám og tómstundir.

Fjöldi tíma varið í formlegar skyldur hrekkur niður úr 25,6 árið 2019 í 23, árið 9 2022 og fer þannig úr því að vera yfir viðmiði á landsvísu í það að vera undir því. Þessi þróun á sér stað hvað varðar tíma varið við heimanám, og kennslustundir, en það sem er mest vert að skoða er að tími varið við tómstundir og æfingar fer frá því að vera rétt undir viðmiði 2019 niður í að vera með því lægsta sem mælist 2022 – eða úr 6,4 tímum niður í 4,8. Á sama tíma vinna nemendur FSN tæpri klukkustund meira á viku en þeir gerðu árið 2019. Það er eitthvað sem þarf að rannsaka betur og gæti verið áhyggjuefni ef þróunin heldur áfram í þá átt.m



3. Líðan

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Velliðan	3,9	81	-0,6	4,3	634	-0,4
3.2. Hamingja	65,4%	53/81	-12,5%	64,0%	431/626	1,4%
3.3. Sjálfsálit	4,4	81	-0,2	4,3	617	0,1
3.4. Stjórn á eigin lífi	3,7	77	-0,1	3,9	589	-0,2
3.5. Þunglyndi	15,8%	12/76	-3,0%	15,2%	80/571	0,6%
3.6. Kvíði	30,7%	23/75	-0,6%	34,6%	176/562	-3,9%
3.7. Svefnleysi	40,8%	31/76	9,5%	41,2%	204/569	-0,4%
3.8. Ástæður svefnleysis	-	66	-	-	-	-
3.9. Einelti	16,0%	12/75	5,2%	16,2%	84/561	-0,2%
3.10. Áreitni og ofbeldi	21,6%	16/74	-13,3%	24,0%	125/558	-2,4%

Þunglyndi meðal nemenda mælist minna en árið 2019, sem er öfug þróun við það sem við sjáum á landsvísu, og þó að við séum enn yfir viðmiðinu þar, þá er þróunin í rétta átt. Kvíði mælist talsvert hærri á landsvísu en í FSN og hefur hann tekið stökk upp á við síðan 2019 ef við horfum á landið allt á meðan hann hefur minnkað lítillega meðal nemenda FSN. Það eru þá frekar stelpur sem mælast með kvíða, samkvæmt matstækinu Depression, Anxiety and Stress Scale (DASS) sem notað er við rannsóknina.

Svefnleysi er að aukast á landsvísu og er sú aukning óþarflega mikil meðal nemenda FSN milli ára. Helstu ástæður svefnleysis meðal nemenda FSN sem fara fram úr viðmiðinu á landsvísu eru:

- Vaknaði eftir að hafa fest svefn og gat ekki sofnað aftur.
- Var fram eftir í tölvu eða að horfa á sjónvarp.
- Þeir vöktu síður til að læra fram eftir eða til þess að vera með vinum.

Einelti hefur aukist milli mælinga og er nær algerlega á pari við landsviðmið. Það eru þá frekar stelpur sem virðast verða fyrir því en strákar, ef borið er saman við aðra skóla.



Algengi áreitni og ofbeldis er metið með sex spurningum og er birt hlutfall nemenda þeirra nemenda sem svöruðu að minnsta kosti einni spurningu játandi. Með öðrum orðum þeir nemendur sem upplifðu einhverskonar ofbeldi, niðurlægingu eða áreitni a.m.k. einu sinni sl. 2 mánuði.

Hvað áreitni og ofbeldi varðar þá fer tíðnin niður fyrir viðmið milli mælinga, úr því að vera með allra hæsta móti árið 2019. Aftur eru það stelpur sem mælast hlutfallslega hærrí en strákar.

Þrátt fyrir að hvergi sé tölfræðilega marktækur munur á mati nemenda FSN á matsþáttum tengdum líðan þá eru þetta allt atriði sem þarf að skoða nánar og verða skoðuð nánar.

Niðurstöður framhaldsskólalánsins eru gríðarlega mikilvæg verkfæri fyrir skólastjórnendur. Bæði tryggja þær að hægt sé að vera meðvituð um ástandið en einnig hjálpar það til við að finna leiðir til að bregðast við. Þá skal ekki ósagt látið allt það jákvæða sem fram kemur og getur staðfest hvað er að virka – ekki bara hvað er ekki að virka. Sumt sem kemur fram í svona könnun er eitthvað sem hægt er að vinna með innan húss, annað er kannski tengt stærri samfélagslegum málum. Hvort heldur sem er er það að vita hver staðan er algerlega bráðnauðsynlegt.

13.4 Viðhorfskönnunir

Viðhorfskönnun hefur alla jafna verið lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri önn. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er megindleg, í formi spurningalista, sem sendur er út á Microsoft Forms. Gæðaráð FSN ásamt kennurum skólans og nemendaráði hefur hvatt nemendur til að svara. Gæðaráð FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýnnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi.

Fyrir nokkru síðan var hætt að leggja eina alhliða viðhorfskönnun fyrir alla nemendur á hverri önn. Svarhlutfall hafði þá ekki verið ásættanlegt og lengd könnunar möguleg ástæða lélegrar svörunar nemenda. Könnunin var þá tekin í tvo hluta og aðeins annar hlutinn



kannaður á hvorri önn. Skólaárið 2022-2023 var hafður sami háttur og síðustu tvö ár þar sem lögð var áhersla á líðan nemenda á haustönn og á viðhorf nemenda til skólans og þjónustu innan hans á vorönn. Þó var ákveðið að láta viðhorfskönnunina Framhaldsskólaláttinn dekkja könnun á líðan og þjónustu sem iðulega er send út á haustönn, eins og fjallað var um hér að ofan. Þá var gerð heiðarleg tilraun til þess að senda út spurningakönnun á foreldra nemenda við framhaldsdeild en svörin voru lítil. Einhverju skilaði hún þó sem hægt var að vinna með áfram og verður reynt að leggja þessa könnun fyrir síðar.

13.4.1.1 Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta

Í ljósi þess að ákveðið var að taka þátt í könnuninni framhaldsskólaláttinum árið 2022 var ákveðið að senda ekki út hefðbundna könnun um líðan og þjónustu. Verið er að skoða hvernig best sé að haga tíðni viðhorfskannana m.t.t. aukins framboðs utanaðkomandi mælinga.

13.4.1.2 Niðurstöður úr könnun fyrir útskrifaða nemendur FSN, haust 2022

Spurningakönnun var send út á útskrifaða nemendur frá FSN, sem útskrifuðust á haustönn 2018, vorönn 2019 og haustönn 2019. Þetta var í annað skiptið sem send var út könnun á útskrifaða nemendur FSN og er það gert árlega. Könnunin var send á netföng sem nemendur gáfu upp þegar þeir voru í námi við skólann þann 14. nóvember 2022 og minnt á hana tvisvar sinnum. Alls var heildarsvarhlutfallið 21 af 42 (50%) sem samanstóð af 12 konum og 9 körlum, 15 staðnemunum í Grundarfirði, einum staðnema við Framhaldsdeildina og 5 fjarnemunum.


Algengast var að nemendur hefðu útskrifast á 6 önnum, þó voru 4 sem útskrifuðust á færri en 5 önnum og 4 sem útskrifuðust á fleiri en 8 önnum.

Spurt var hvort nemendur hefðu farið í frekara nám eftir útskrift, alls höfðu 86% nemenda, eða 18 nemendur, farið í frekara nám en 14%, alls 3 nemendur ekki. Stærstur hluti af þessum hópi fór í bóknað á háskólastigi innanlands eða um 88% sem er mun stærri hluti en í síðustu könnun þar sem um 68% þeirra sem fóru í áframhaldandi nám fóru í bóknað á Íslandi.




Þegar skoðað er hvernig námið í FSN hefur undirbúið nemendur fyrir næstu skref í lífinu sést að 62% svara því til að námið hafi undirbúið þau frekar vel eða mjög vel en 13% að námið hafi undirbúið þau frekar illa eða mjög illa undir næstu skref í lífinu.

Hversu vel eða illa telur þú að nám þitt við FSN hafi undirbúið þig fyrir næstu skref sem þú tókst í lífinu?



Það virðist vera að fleiri nemendur séu óákveðnir með skoðun sína en í fyrri könnun með undirbúning námsins fyrir næstu skref í lífinu því í síðustu könnun sögðu 71% svarenda að námið hefði undirbúið þau mjög vel eða frekar vel en 21% að það hefði undirbúið þau mjög illa eða frekar illa undir næstu skref í lífinu.

Hversu vel eða illa telur þú að nám þitt við FSN hafi undirbúið þig fyrir næstu skref sem þú tókst í lífinu?





Þegar skoðað er hversu ánægðir eða óánægðir svarendur eru með ákveðna þætti í skólastarfinu kemur í ljós að 90,5% svarenda er mjög eða frekar ánægðir með kennsluaðferðirnar, 85,7% svarenda er mjög eða frekar ánægðir með samskipti við kennara og starfsfólk, 71,5% er mjög eða frekar ánægðir með skólabraginn og 76,7% er mjög eða frekar ánægðir með þjónustu s.s. mötuneyti, skólaakstur, námsráðgjöf og skrifstofu. Þetta eru nokkuð sambærilegar tölur frá fyrri könnun, þó nokkur hækkun í ánægju með kennsluaðferðir en í síðustu mælingu voru 70,7% svarenda mjög eða frekar ánægðir með þær þannig að hækkunin er tæp 20% frá fyrri könnun.

Svarendur virtust frekar ánægðir með námið en meðal galla sem komu fram voru m.a. lítil undirbúningur fyrir stór lokapróf og vangaveltur um af hverju FSN kenndi Chicago heimildakerfið þegar HÍ notar APA.

13.4.1.3 Viðhorfskönnun vorannar – nám og kennsla


Seinni hluti viðhorfskönnunar fór fram á vorönn 2023, en þar var viðhorf nemenda til náms og kennslu kannað. Svörunin undanfarin ár hefur verið ágæt, vorið 2018 var hún 48%. Árið 2019 var þessi viðhorfskönnun ekki framkvæmd vegna Covid-19, því er enginn samanburður til staðar. Árið 2021 og 2022 var svörunin 30% en árið 2023 var hún 50%.

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir væru sammála því að þeir væru ánægðir með að vera í FSN voru 74% nemenda mjög eða frekar sammála því (64% árið 2022) en 5,9% voru mjög eða frekar ósammála því (8% árið 2022). Varðandi gæði kennslu töldu 82% svarenda kennsluna vera frekar góða eða mjög góða. Árið 2021 töldu 76% nemenda kennsluna frekar góða eða mjög góða og árið 2022 var það hlutfall í 86%.




5. Takið afstöðu til eftirtalinna fullyrðinga um upplifun ykkar á Fjölbrautaskóla Snæfellinga:

[More Details](#)



Þegar nemendur eru spurðir hvort þeim líki vel við kennslu í opnum rýmum, svara 48% nemenda því að þeir séu mjög eða frekar sammála því (58% árið 2022) en 18% svara því að þeir séu mjög eða frekar ósammála. Þegar spurt var um hversu sammála nemendur væru fullyrðingunni að aðstaða til náms væri góð svöruðu 49% því að þeir væru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni (76% árið 2022). Þá voru 9% nemenda frekar eða mjög ósammála því að aðstaðan sé góð (12% árið 2022).



Nemendur voru spurðir út í það hvort þeir nýttu verkefnatíma, sem árið áður höfðu verið á föstudögum en voru inni í stundatöflu yfir vikuna skólaárið 2022-23. 66% nemenda svöruðu því að þeir nýttu sér verkefnatíma aldrei eða sjaldan, sem er jafnvel enn hærra hlutfall en þegar verkefnatímar voru allir á föstudögum. Vorið 2022, þegar verkefnatímar voru á föstudögum svöruðu 24% nemenda að þeir mættu oft/alltaf, 24% að þeir mættu stundum,



20% að þeir mættu sjaldan og 32% að þeir mættu aldrei í verkefnatíma á föstudögum. Erfitt er að bera tölurnar saman við svör fyrri ára þar sem spurningunni hefur verið breytt, en þó má sjá að töluverð aukning hefur orðið á nemendum sem ekki nýta sér tímana (árið 2020-2021 svöruðu rúm 18% því að þeir færu aldrei í verkefnatíma eða spurningin ætti ekki við).

Nemendur voru einnig spurðir hvort þeir læsu umsagnir um verkefni frá kennurum, 67% nemenda sögðust oft eða alltaf lesa þær (48% árið 2022), 24% sögðust stundum lesa þær (28% árið 2022), og 10% sögðust lesa þær sjaldan (18% árið 2022). Nemendum gafst síðan kostur á því að segja hvers vegna þeir læsu ekki umsagnir og var helsta ástæða þess einfaldlega gleymiska nemenda.

Nemendur voru síðan spurðir hvar þeir ynnu meirihluta verkefna sinna, og þar verður að segjast að svörin hafi komið örlítið á óvart en 49% nemenda segjast vinna meirihluta verkefna sinna heima (42% árið 2022) og 27% nokkuð jafnt í skólanum og heima. um 24% nemenda vinna meirihlutann í skólanum. Hér verður þó að taka inn í myndina skekkju vegna svarhlutfalls fjarnema sem voru 35% svarenda.

13.4.1.4 Viðhorfskönnun útskriftarnema

Viðhorfskönnun var lögð fyrir útskriftarnema á vorönn 2023, alls svöruðu 14 nemendur af 20. Tilgangur þessarar könnunar er að skoða viðhorf og upplifun nemenda á skólastarfinu, kennslunni, félagslífinu o.fl.

Niðurstöðurnar sýndu fram á að nemendur voru ánægðir með námsráðgjöfina í skólanum, um 78% svarenda töldu hana vera mjög góða eða góða. Það vakti í sömu könnun fyrir ári að nemendur virtust á því að andi innan skólans og samskipti gætu verið betri en aðeins 56% töldu andann vera góðan og 44% sæmilegan. Í ár voru þær tölur í 69% og 23%.


Þegar skoðað var hvort munur væri á samskiptum svarenda við aðra nemendur og svo aftur kennara og annað starfsfólk kom í ljós að 78% svarenda töldu að samskipti sín við samnemendur væru góð eða mjög góð á meðan 93% svöruðu því til að samskipti þeirra við



kennara og annað starfsfólk væru góð eða mjög góð (var 89% árið 2022).

8. Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað starfsfólk?

[More Details](#)



Nemendur voru beðnir um að gefa kennurum, félagslífi og gæðum skólans tölulega einkunn. Kennurum gáfu nemendur einkunnina 7,8 (var 7,8 árið 2022), félagslífinu 6,1 (var 5,8 árið 2022) og skólanum sjálfum (var 6,9 árið 2022). Þetta eru heldur lægri einkunnir en í fyrri könnun og enn má ætla að einkunn félagslífsins sé að hluta til skýrð af stöðu mála í samfélaginu með tilkomu Covid-19. Af þeim sem svöruðu myndi tæplega helmingur þeirra mæla með FSN við aðra (8 svarendur af 14).

13.5 Rýniviðtöl

Tekin voru þrjú rýnihópaviðtöl á skólaárinu. Tekið var viðtal við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði í nóvember 2022 og rýniviðtöl við útskriftarnema annars vegar og kennara hins vegar í maí 2023. Gerð var tilraun til að fá foreldra nemenda við framhaldsdeild í rýniviðtal en gekk það ekki upp í þessari umferð en verður reynt aftur á komandi skólaári. Í rýniviðtölum er markmiðið að fá betri svörun frá nemendum og starfsfólki. Auk þess eru rýniviðtöl góður vettvangur til þess að kanna betur ákveðna þætti sem vekja athygli gæðaráðs eins og viðhorf þeirra og upplifun af skólanum.



13.5.1.1 Rýniviðtal við nemendur framhaldsdeildar haustönn 2023

Þann 17. nóvember 2022 voru nokkrir nemendur Framhaldsdeildar FSN á Patreksfirði boðaðir í rýnihópaviðtal. Í viðtalinu var lagt upp með að reyna að fá sýn nemenda á veru þeirra við Framhaldsdeildina, hvernig þeir mætu samskipti við starfsfólk og nemendur, hvernig þeim hefði líkað námið og hvernig þeir sæju fyrir sér næstu skref. Hér á eftir fylgja nokkur þemu sem voru greind úr

Líðan: Hluti nem sagðist líða vel en stærsti hluti ágætlega. Aðrir nefndu að þeim liðu betur þegar þau eru í Grundarfirði vegna þess að þau upplifðu að það væri meiri „skóli“ og fleiri nemendur ásamt því að upplifa greiðari aðgang að aðstoð frá kennurum.

Verkefnaálag: Heilt yfir voru öll sammála um að verkefnaálagið væri sanngjarnt og að þau réðu við það. Einnig kom fram að í einhverjum tilvikum upplifa þau sig ekki fá aðstoð frá kennurunum þegar þau þurfa á henni að halda. Hins vegar kom einnig fram að þau virðast lítið sem ekkert nýta sér verkefnatímana. Þau líta á þá sem „eyðu“. Flestir voru sammála því. Hópurinn talaði um að þykja fyrirkomulagið í fyrra betra, þegar allir verkefnatímar voru á föstudögum.

Verkefni, skipulag og endurgjöf frá kennurum: Hópurinn hafði orð á því að finnst kennararnir stundum of lengi að gefa einkunnir fyrir verkefni. En þau voru sammála um að þau lesi alltaf endurgjafir frá kennurum og nýta fyrir næstu verkefni.

Hvað ef eitthvað finnst ykkur að þurfi að bæta í námi og kennslu við Framhaldsdeildina? Fram kom að öllum hópnum þætti það kostur ef kennarar kæmu oftar vestur. Þau töldu sig bæði fá persónulegri aðstoð og einnig gæti það gert það að verkum að þau myndu frekar leita aðstoðar hjá viðkomandi kennurum þegar þau eru í kennslu hjá þeim í gegnum Teams.

Einnig upplifa þau óvissu með hvort kennari ætli sér að hringja inn á Teams eða ekki í tímum. Þau bíði oft, og það kemur fyrir að svo hringi kennarinn þegar töluverður tími er liðinn og þá eru þau ekki við tölvuna, eða farin að vinna í verkefni. Einn nemandi talaði um að sér þætti gott ef kennarar færu yfir komandi viku í fyrsta tíma vikunnar. Útskýrði þá verkefni vikunnar, talaði um hvort hann ætlaði að hafa „call“ eða ekki og svo væri það nemandans að ákveða



hvort hann „mæti“ í tímann eða ekki, t.d. ef nemandann vantar aðstoð. Hópurinn tók fram að sumir kennarar væru mjög duglegir í að láta þó vita fyrirfram hvort þeir hringi inn eða ekki.

Samskipti við kennara: Öll voru sammála um að ef þau leita eftir aðstoðinni þá fengju þau hana. Þau upplifa að þau fái þá góða aðstoð. Hins vegar kom frá einum nemanda að þau séu oft „látin vera“ ef þau biðja ekki um aðstoð af fyrra bragði. Aðrir tóku það fram að kennarar sendi af fyrra bragði eða spyrji yfir hópinn hvernig gangi og hvort þau þurfi aðstoð. Einnig var umræða um að þeim þyki þó auðveldra að biðja um aðstoð eftir að þau bæði hafa kynnst kennurunum betur og/eða eftir að þau hafa farið í Grundarfjörð og hitt þá í persónu.

Mætingarreglur: Hópurinn virtist ekki mjög meðvitaður um hvert lágmarksmætingarhlutfallið er skv. reglunum og misjafnt var hversu oft þau fylgjast með mætingarhlutfallinu sínu. En þau töluðu um að kíkja sérstaklega ef þau telja kennarann lélegan í að gefa mætingu. Einnig kom fram að stundum fái þau merka fjarvist þrátt fyrir að hafa verið í tímanum.

Félagslíf: Þegar hópurinn var spurður hvað þau töldu að hægt væri að gera til þess að tengja betur nemendahópana í Framhaldsdeildinni og Grundarfirði ræddi hluti hópsins fleiri skemmtikvöld á vegum nemendafélagsins, fleiri böll og að skoða það að þau færu oftar í Grundarfjörð. Einnig telja þau mikilvægt að þau komist með á böll t.d. á Akranesi eða Borgarnesi. Til umræðu kom að tregi er stundum í þeim ef „vinir þeirra að vestan“ koma ekki, eru hrædd um að vera ein eða útundan. Einnig að Framhaldsdeildarhópurinn myndi skipuleggja að gera eitthvað meira saman í Grundarfjarðarferðunum. Varðandi félagslífið fyrir vestan þá var samhljómur um að hópurinn væri það fámennur að þau nenntu varla að reyna – það væri ekkert val. Þau voru einnig ekki jákvæð fyrir því að vilja skipuleggja viðburði fyrir vestan í auknum mæli vegna fámennis.

13.5.1.2 Rýnivíðtal við kennara í maí

Fimm kennarar komu til viðtals við mannauðsstjóra í maí. Viðfangsefni viðtalsins tengdist leiðsagnarnámi, upplifun á breyttu umhverfi í kennslu o.fl. því tengt. Kennurum finnst almennt ganga vel að vinna eftir hugmyndum leiðsagnarnáms. Þeir leggja sig fram við að



gefa ítarlega og góða endurgjöf á verkefni með ýmsum leiðum – bæði í riti og munnlega, hvort sem það er maður á mann eða við allan hópinn. Kennarar voru sammála um að endurgjöfin væri mikilvæg og að þeir leituðu leiða til að koma henni almennilega til skila. Það virðist tengjast því hvernig verkefni eru sett upp og hversu vel nemendur skoða endurgjöfina og því vert að huga að því. Almennt nýttu fjarnemar endurgjöfina betur en staðnemar og oft hafi það komið fyrir að nemendur vissu ekki einu sinni hvar hana væri að finna á moodle. Þetta væri hægt að laga með aukinni kennslu á hvar hana er að finna við upphaf skólaárs, eða annar. Þá voru ræddar ýmsar aðferðir við að koma endurgjöf til skila, m.a. að hitta nemendur eftir námsmatsdaga og heyra í hverjum og einum þeirra. Þar verður þó að hafa í huga hvernig tíminn nýtist hjá öðrum nemendum á meðan verið að ræða við hvern og einn og huga að því skipulagi.

Verkefnatímar eru ekki alveg að virka í þessari mynd. Það þarf að gera eitthvað nýtt til að þeir nýtist kennurum og nemendum betur. Núverandi fyrirkomulag þar sem verkefnatímar eru ekki á sama tíma hjá öllum kennurum á sama tíma eykur líkur á árekstrum og minnkar þannig notagildi. Hugmyndir á borð við einhverskonar mætingarskyldu allra eða sumra nemenda í verkefnatímum sem yrðu á sama tíma hjá öllum kennurum. Jafnvel að allir verkefnatímar yrðu í nokkra tíma í senn á ákveðnum tíma í stundatöflu, t.d. fyrir hádegi á fimmtudegi eða miðvikudegi, þar sem nemendur myndu fara á milli kennara og fá mætingu væri vert að skoða. Þá væri einnig hægt að taka þá út úr töflu sem sérstæða tíma og hafa þá bara sem venjulegar kennslustundir.

Varðandi þær áskoranir sem kennarar standa frammi fyrir í dag var fyrst minnst á gervigreindina, sem þó er eitthvað sem kennarar töldu þurfa að vinna með og nýta rétt og kenna nemendum þá að nálgast með ábyrgð og skynsemi. Þá var talað um það væri teljandi áskorun að virkja nemendur til þátttöku bæði í náminu sem og öðru. Þá sjá kennarar tækifæri t.d. í því að notast við verklegri kennsluhætti, og kennslu sem speglar raunveruleikann utan skóla – hagnýtar leiðir. Þá var talað um að það mætti auka samþættingu kennslu milli áfanga og það sé alltaf áhugi fyrir því. Vandamálið virðist vera að það vantar utanumhald um slíkt.



Kennararnir voru allir sammála um að það ætti að vera góð leið að láta kennara sjálfa safna umsögnum um sig sjálfa með því að senda út sínar eigin kennslumatskannanir – sem gætu þó verið upp settar og staðlaðar af öðrum. Það sé allavega eitthvað sem kennarar ættu að geta nýtt sér og að kennarar vildu fá slíka endurgjöf á eigin vinnu og frammistöðu frekar en ekki og þá oft.



13.5.1.3 Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2023

Rýniviðtal við útskriftarnema fór fram miðvikudaginn 10. maí 2023. Viðtalið var tekið í Fiskabúrinu, sem er fundarherbergi í FSN og komu þrír útskriftarnemar til viðtals við Hermann Hermannsson, mannauðsstjóra.

Eins og áður var lagt upp með að spyrja nemendur út í veru þeirra við skólann, hvernig þau mátu samskipti við starfsfólk og samnemendur, námsmat og kennsluhætti og loks hvernig þeim þætti þau vera undirbúin fyrir næstu skref í lífinu eftir nám við FSN.

Almennt voru nemendur ánægðir með veru sína við skólann og sögðu að þau myndu sakna félagsskaparins, hvort sem það væri við nemendur eða starfsfólk. Þau voru öll sammála um að tíminn hefði verið ánægjulegur, þrátt fyrir ákveðna hnekki í félagslífi á tímum kórónaveirunnar. Þau hefðu þá sum hver vel getað hugsað sér að vera lengur en önnur þeirra voru bara æ. Ekkert þeirra sem komu til viðtalsins ætluðu sér beint í frekara nám þó sum þeirra væru búin að ákveða hvert næsta skref yrði að loknu smá námshléi.

Viðmælendur voru sammála um að samskipti við kennara og starfsfólk hafi verið góð. Kennarar hafi veitt góða þjónustu og verið til staðar. Kennarar séu aðgengilegir hvort sem nemendur þurfi aðstoð í gegn um tölvu eða í eigin persónu. Þetta hafi að sama skapi hjálpað þeim að læra að leita sér aðstoðar þegar þau vantar. Samskipti milli nemenda hafi þá verið góð, þrátt fyrir að það hafi ekki alltaf verið mjög mikið félagslíf, af ýmsum ástæðum. Þar spili einnig inn í að staðnemunum hefur fækkað, bæði í Grundarfirði og á Patreksfirði.

Nemendur ræddu talsvert um endurgjöf frá kennurum. Þeim fannst almennt séð að vel sé staðið að henni en þó hafi nokkrir kennarar átt það til að draga það að fara yfir verkefni og það hafi verið óþægilegt því þetta sé verkfæri sem nemendur nýti sér mikið. Það hjálpi lítið ef einkunnir fyrir öll verkefni skil sér bara á námsmatsdögunum með umsögninni á INNU. Þetta var nefnt sérstaklega til og þarf að skoða nánar. Annars séu kröfur til nemenda frekar svipaðar milli áfanga á sömu þrepum.



Þeim fannst öllum veran við skólann hafa verið ánægjuleg og hafi hjálpað þeim að þroskast og ekki síst veitt þeim sjálfstraust og þjálfað í að skipuleggja vinnu sína – að vinna jafnt og þétt. Þó þau væru á báðum áttum með hversu vel þessi tími hefði undirbúið þau undir næsta skref, þá væri það sem þau höfðu tamið sér á þessum tíma eitthvað sem kæmi sér til góðs á einhverju sviði lífsins.

Hvað aðstöðu varðar þá voru nemendur almennt á því að það gengi vel að læra innan veggja skólans. Í framhaldsdeildina vanti þó eitthvað við að vera á borð við píluspjald eða slíkt, sambærilegt við það sem er í Grundarfirði.

Fjárhagur og rekstur

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta markmið náðist því miður ekki árið 2022 en helstu ástæður fyrir því er launakostnaður og hópar eru mjög fámennir. Þá voru ýmis verkefni tengd jafnlaunavottun og mötuneyti dýr og ekki gert ráð fyrir þeim í áætlunum. Gripið hefur verið til aðhaldsaðgerða og eins og áður verður aðhald í rekstri næsta skólaár.

14 Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

Í ytri úttekt sem gerð var haustið 2020 var bent á ákveðna styrkleika og veikleika og hefur verið unnið að því að bæta úr veiku þáttunum og vinna meira með styrkleikna. Einnig er unnið að úrbótum þegar einhverjir veikleikar koma upp í innra mati skólans.

14.1 Styrkleikar

Styrkleikar FSN eru fjölmargir. Það kemur fram í innri úttekt, viðhorfskönnunum, niðurstöðum í stofnun ársins og rýnihópum að andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er almennt góð. Samskipti milli nemenda og starfsfólks eru mjög góð og nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafnan sem sanngjörn og lýðræðisleg. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í öllum áföngum og kennslustundir eru skipulagðar með því markmiði að þær



nýtist jafnt nemendum í staðnámi og fjarnámi. Við skólann starfar vel menntað fólk sem hefur metnað fyrir hönd skólans og námsárangri og vellíðan nemenda sinna.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er með hóp starfsmanna sem hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og er stolt af þeirri vinnu sem er unnin hér. Frá og með haustönn 2021 voru allir kennarar með kennsluréttindi. Starfsmannahópurinn einkennist af samhug og metnaði gangvart nemendum sínum og kennslunni. Nálægðin sem stærð skólans getur af sér hefur löngum verið einn helsti styrkleiki hans og ber starfsfólk hag þeirra fyrir brjósti. Þannig eru allir tilbúnir að leggjast á eitt við að leysa öll þau mál sem koma upp, góð eða slæm. Það er einstakt og ber að hlúa að því.

14.2 Veikleikar

Á haustönn 2020 fór skólinn eins og áður segir í gegn um ytra mat. Þar komu fram ýmis tækifæri til umbóta og má telja sum þeirra til veikleika innan stofnunarinnar, auk þess sem fylgja þarf eftir vinnu við stefnumótun. Þar er nefnd þörfin fyrir það að skerpa á stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans og um leið að aðkoma haghafa sé tryggð við stefnumótun. Stefnumótun er nú í fullum gangi, með það að leiðarljósi að móta heildræna stefnu sem talast á við alla þætti skólastarfsins.

Starfsemi skólaráðs og skólanefndar þarf að gera skilvirkara og markvissara og þá þarf að fylgjast með framvindu í innra mati skólans, með því að bera saman gögn milli ára og setja fram á myndrænan hátt. Það hefur verið stefna gæðaráðs að vinna eftir einmitt þeim formerkjum á liðnu skólaári. Einnig er foreldraráð óvirkt og hefur verið og þarf að leita leiða til að laga það. Í haust var sett upp fundaaætlun fyrir

Þá þarf að passa upp á að nemendur og kennarar vinni eftir stefnu skólans í náms- og kennsluháttum og að þeim sé viðhaldið, og meta ávinning nemenda af því fyrirkomulagi sem skólinn einsetur sér að vinna eftir - leiðsagnamati.



14.3 Umbætur og tækifæri

Við höfum samstarf á milli skólastiga á Snæfellsnesi. Námsráðgjafi á fundi með foreldrum á öllu upptökusvæði skólans og námsráðgjafi hitti alla nemendur 10.bekkjar á svæðinu. Á vorönn höfum við framhaldsskólahermi í skólanum en þá er öllum nemendum 10.bekkja á upptökusvæði skólans boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki og er nú orðinn fastur liður í starfsemi skólans.

Samstarf í Fjarmenntaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN býður ekki upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmenntaskólunum. Þetta samstarf er líka mikilvægur vettvangur þar sem stjórnendur í þessum skólum hittast á reglulega á símafundi allan veturinn.

Í sjálfsmatsskýrslu 2015 var formleg stefna skólans og efling mannauðs m.a. nefnd til veikleika. Haustið 2019 var ráðinn mannauðsstjóri í 25% stöðu sem hefur það m.a. á sinni könnu að vinna að stefnumótun fyrir skólann, auk þess sem hann sinnir móttöku nýrra starfsmanna, fræðslumálum og öðru. Má því telja úrbætur á því sviði hafnar. Þá var stefnumótun unnin fyrir skólaárið 2020-2021 auk þess sem hafist var handa við heildræna stefnumótun fyrir stofnunina á vinnudögum kennara vorið 2021. Í lok vorannar 2022 var skólanum úthlutaður styrkur úr Sprotasjóði til vinnu við stefnumótun. Vinna að stefnumótun stóð yfir skólaárið 2022-23 og endaði með stefnumótunarvinnu á meðal starfsfólks á vinnudögum vorið 2023.

Í síðustu sjálfsmatsskýrslu var gerð úrbótaáætlun fyrir veturinn 2022-23 (sjá fylgiskjal 3) sem taldi 6 markmið sem lagt var upp með að uppfylla á skólaárinu eða í það minnsta vinna áfram. Af þeim ber að nefna vinnu við stefnumótun, en ákveðnum áfanga í þeirri vinnu lauk á vinnudögum vorannar með komu Sigríðar Huldu frá SHJ ráðgjöf. Hún var með vinnustofu með kennurum og starfsfólki um upplifun starfsfólks á starfinu hér innanhúss, hvert skólinn stefnir, styrkleikum hans og tækifærum. Unnið verður áfram með það sem kom út úr þeim fundi á næsta skólaári og hefur það nú þegar verið fært inn í úrbótaáætlun næsta árs



(fylgiskjal 4). Ákveðið var haustið 2022 að fjölga ferðum kennara í Framhaldsdeildina á Patreksfirði með því, fyrst og fremst, að skipuleggja ferðirnar þannig að farið væri á fyrirfram ákveðnum dagsetningum sem kennarar gætu skráð sig á. Þetta komi í veg fyrir, að einhverju leiti, að kennarar fresti ferðum eins og oft hefur komið fyrir. Þetta gekk ágætlega og hefur áhugi fyrir ferðum meðal kennara aukist. Unnið verður að þessu áfram, auk þess sem ferðirnar verði notaðar til að auka samskipti við stofnanir á svæðinu, svo sem grunnskóla.

Þá var einstaklega ánægjulegt að sjá það í niðurstöðum framhaldsskólalaps að þunglyndi meðal nemenda mælist minna en árið 2019, sem er öfug þróun við það sem við sjáum á landsvísu, og þó að við séum enn yfir viðmiðinu þar, þá er þróunin í rétta átt. Kvíði mælist talsvert hærri á landsvísu en í FSN og hefur hann tekið stökk upp á við síðan 2019 ef við horfum á landið allt á meðan hann hefur minnkað lítillega meðal nemenda FSN. Þetta sýnir að við erum á réttri leið en haldið verður áfram að vinna að þessu markmiði, e.t.v. með því að vinna með málaflokkinn í þemaviku í samstarfi við starfshóp um heilsuefandi framhaldsskóla.

Illa hefur gengið að manna foreldraráð skólans, en það er því miður ekki nýtt vandamál. Leita þarf leiða við að virkja foreldraráðið. Það sama á við um starfsemi nemendafélagsins en það hefur verið talað um að möguleikar gætu leynst í auknu samstarfi við nemendafélög annara skóla auk stefnubreytingar í vali á hvers konar skemmtanahald sé í fyrirrúmi.

FSN er í samstarfi um nýja námsbraut sem verður leidd af Menntaskólanum á Ísafirði og ber yfirskriftina „hafið, umhverfið og auðlindir.“ Brautin samanstendur af stúdentsbraut með staðgóða þekkingu á umhverfinu, auðlindum hafsins og fiskeldi og innan brautarinnar er eins árs nám sem kennir grunnþætti til starfa í fiskeldi. Námið verður sett af stað í samstarfi við Fjölbrautaskólann á Snæfellsnesi, Fjölbrautaskólann á Sauðárkróki og Verkmenntaskóla Austurlands.



FSN sá um kennslu fyrir vistmenn á Kvíabryggju frá árinu 2013 en því miður var sú kennsla lögð niður á vorönn 2022. Við bindum vonir við að við fáum að sjá um þá kennslu aftur þar sem brýn þörf er á þessari þjónustu.

27.júní 2023 var skrifað undir samning um [íþróttakademi](#) við skólann. Við bindum miklar vonir við það samstarf og trúum því að þetta sé jákvætt skref fyrir skólann, íþróttafélögin á svæðinu og nemendur.

Frekar úrbætur á næsta skólaári má sjá í fylgiskjali 4 – úrbótaáætlun 2023-2024.



15 Viðaukar og fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla



Áfangaskýrsla kennara

Ég bið ykkur um að senda skólameistara áfangaskýrslu í síðasta lagi 31.mai.
Hver kennari skilar skýrslu um hvern áfanga sem hann kennir á önninni.

Áfangi	Önn	Kennari
	V2023	

1. Stutt skýrsla um kennsluna og yfirferð námsefnis:
2. Hvernig ertu að nýta leiðsagnarmat/nám?
3. Hvaða hugmyndir hefur þú um hvernig eigi að vinna með gervigreind í skólastarfi?
4. Ef að FSN verður í næsta sameiningarfasa menntamálaráðherra, hvaða möguleika sérð þú á samvinnu og/eða sameiningu við aðra framhaldsskóla og þá hvaða skóla?
5. Hvernig endurmenntun hyggst þú sækja þér í sumar?
6. Námsmat/Dreifing einkunna – skýrsla úr INNU.
 - a. Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag):
 - b. Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag):
 - c. Hlutfall nemenda með falleinkunn:
 - d. Meðaleinkunn:
 - e. Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU):
7. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi áfangann, hverju ætti að breyta og hvað hefur gengið vel.
 - a. Vegna fagsins (kennsluáætlun, kennsluefni, skipulag áfangans, yfirferð, námsmat o.þ.h.)
 - b. Vegna annars (aðstaða, töfluskipulag, kennsla að heiman o.þ.h.)
 - Góð ráð og hugmyndir vegna skólastarfsins næsta vetur.



Fylgiskjal 3 – Úrbótaáætlun 2022-23

Úrbótaáætlun 2022-2023

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Skerpa á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans	Einkunnarorð skólans verði sýnileg og fléttuð inn í skólastarf og stefnumótun.	Viðhorfskannanir. Rýnihópaviðtöl.	Stefna skólans endurskoðuð út frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið að einkunnarorðum skólans	Skólameistari/mannauðsstjóri
Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi.	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum.	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	NFSN/Tengiliður við nemendafélag
Að virkja foreldraráð í starfsemi skólans	Foreldraráð verði virkt og sýnilegt í skólastarfinu	Þátttaka foreldra í starfsemi skólans, t.d. skólanefnd og sjálfsmatsteymi	Aðalfundur foreldrafélags	Skólameistari
Að fjölga fjarnemum við skólann til að sporna við við fækkun nemenda	Lögð verði aukin vinna í markaðssetningu á skólanum sem fjarnámsskóla	Fjöldi nýrra fjarnema. Viðhorfskannanir.	Starfsmaður fenginn til að sinna markaðsmálum á markvissan hátt	Skólameistari/Mannauðsstjóri



í skólanum vegna fækkunar í komandi nýnemaárgöngum				
Huga að tengslum kennara og starfsfólks við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði	Lagt verður upp úr því að hvetja kennara til þess að fara oftari til Patreksfjarðar.	Fjöldi kennara og starfsfólks sem fer í heimsókn í Framhaldsdeildina á Patreksfirði. Viðhorfskönnun og viðtöl við nemendur og foreldra á Patreksfirði	Starfsfólk og kennarar hvattir til að fara vestur á starfsmannafundum.	Skólameistari.
Að nemendum í skólanum líði almennt betur og draga úr þunglyndi og kvíða.	Að kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í könnun.	Framhaldsskólalapsinn	Sálfræðipjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsuefandi framhaldsskóla
Að virkja foreldraráð í starfsemi skólans	Foreldraráð verði virkt og sýnilegt í skólastarfinu	Þátttaka foreldra í starfsemi skólans, t.d. skólanefnd og sjálfsmatsteymi	Aðalfundur foreldrafélags	Skólameistari



Fylgiskjal 4 - Úrbótaáætlun 2023-2024

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Samhæfa stefnur skólans, fækka þeim og gera aðgengilegri	Einkunnarorð skólans verði sýnileg og fléttuð inn í skólastarf og stefnumótun.	Viðhorfskannanir. Rýnihópaviðtöl. Fjöldi stefna á heimasíðu	Stefna skólans endurskoðuð út frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið með það að markmiði að þær séu skýrari og einfaldari	Skólameistari/mannauðsstjóri
Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum í samvinnu við aðra skóla	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	NFSN/Tengiliður við nemendafélag
Að bæta viðhorf gagnvart stjórnun skólans og ímynd stofnunar	Viðhorf starfsfólks verði komið yfir landsmeðaltal í þessum matsþáttum	Stofnun ársins 2023	Unnið frekar með þær upplýsingar sem fengust úr stofnun ársins 2022, mannauðsmælingum og fundum með starfsfólki	Mannauðsstjóri



Að fjölga fjarnemum við skólann til að sporna við við fækkun nemenda í skólanum vegna fækkunar í komandi nýnemaárgöngum	Lögð verði aukin vinna í markaðssetningu á skólanum sem fjarnámsskóla	Fjöldi nýrra fjarnema. Viðhorfskannanir.	Starfsmaður fenginn til að sinna markaðsmálum á markvissan hátt	Skólameistari/Mannauðsstjóri
Huga að tengslum kennara og starfsfólks við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði og nærsamfélagið	Lagt verður upp úr því að hvetja kennara til þess að fara oftari til Patreksfjarðar. Þá verði ferðirnar notaðar til að efla samskipti við stofnanir á borð við grunnskóla	Fjöldi kennara og starfsfólks sem fer í heimsókn í Framhaldsdeildina á Patreksfirði. Viðhorfskönnun og viðtöl við nemendur og foreldra á Patreksfirði	Skipulagðar ferðir á ákveðnum dagsetningum. Aukin samskipti við grunnskóla á svæðinu	Skólameistari. Deildarstjóri Framhaldsdeildar.
Að nemendum í skólanum líði almennt betur og draga úr	Að kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í könnun.	Framhaldsskólapúlsinn Viðhorfskönnun	Sálfræðiþjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfseflingu	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsueflandi framhaldsskóla



Þunglyndi og kvíða.				
------------------------	--	--	--	--